

STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING KVÍKU BANKA HF.

Viðskiptastefna Kvíku

Kvíka banki hf. (hér eftir „Kvíka“ eða „bankinn“) er sérhæfður banki sem er leiðandi í eignastýringu og fjárfestingabankastarfsemi.

Á haustmánuðum 2018 tóku allir starfsmenn Kvíku þátt í umfangsmikilli stefnumótun bankans, þar sem m.a. var ákveðið að gildi hans væri langtímahugsun. Það felur í sér að viðskiptastefna Kvíku miðar að því að byggja upp traust viðskiptasambönd og árangur til lengri tíma.

Bankinn stefnir að því að byggja upp og viðhalda öflugum innviðum sem hægt er að nýta til öflunar tekna. Ávöxtun eiginfjár ræðst af ákvörðunum sem teknar eru í samræmi við áhættuvilja sem endurspeglar arðsemismarkmið, en lögð er áhersla á að nýta eigið fé á sem skilvirkastan hátt með tilliti til áhættu. Ákvörðun um samsetningu efnahagsreiknings tekur mið af sem bestri nýtingu eiginfjár til tekjusköpunar en takmarkast af áhættuvilja og fjármögnun á hverjum tíma.

Lögð er áhersla á að starfsemi Kvíku sé arðsöm og markmið bankans er að arðsemi eiginfjár sé að minnsta kosti 15%.

Markmið Kvíku er að arðgreiðslur nemi að lágmarki 25% af hagnaði. Arðgreiðslur eru þó háðar mati á þeim tækifærum sem felast í endurfjárfestingu hagnaðar í rekstri og vexti bankans.

Stefna Kvíku er að hafa jákvæð langtímaáhrif á samfélagið með sérstaka áherslu á menntamál. Í þeim tilgangi hefur bankinn m.a. komið á fót hvatningarsjóðum fyrir iðnnema og kennara. Kvíka getur haft mikil áhrif á samfélagið, einkum þar sem hann starfar, og því er einnig lögð sérstök áhersla á að hafa jákvæð áhrif á uppbyggingu og virkni fjármálamarkaða.

Fylgni við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Kvíku ber að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Kvíka hagar stjórnarháttum sínum í öllum meginatriðum í samræmi við 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands www.vi.is. Frávik Kvíku frá leiðbeiningunum felst í því að Kvíka hefur ekki skipað tilnefningarnefnd eða ákveðið hvernig hún skuli skipuð. Stjórn Kvíku mun leggja það til á næsta aðalfundi að þeirri stjórn sem þar verður kjörin verði falið að fara yfir og meta kosti og galla þess að skipa bankanum tilnefningarnefnd.

Lög og reglur

Kvíka er fjármálafyrirtæki sem starfar meðal annars samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, lögum um hlutafélög nr. 2/1995, samkeppnislögum nr. 44/2005 og lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Kvíka hefur hlotið starfsleyfi frá FME, sem hefur eftirlit með starfsemi bankans. Um starfsemi Kvíku gilda þannig reglur og tilmæli FME og Seðlabankans og ýmis önnur lagaákvæði um fjármálamarkaði. Nánari upplýsingar um FME ásamt yfirliti yfir helstu lög og reglur sem um starfsemi bankans gilda á hverjum tíma má finna á heimasíðu FME www.fme.is.

Lýsing á helstu þáttum innra eftirlits, áhættustýringu og reikningsskilum Kvíku

Stjórn mótar áhættustefnu og áhættuvilja bankans og ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits. Þá skilgreinir stjórn árlega þá áhættuþætti sem bankinn þarf að takast á við, þ.á m. eðli þeirra

og umfang ásamt því sem stjórn skilgreinir viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir. Innleiðing og framkvæmd innra eftirlits er á ábyrgð stjórnenda bankans og eftirlitseininga, þ.e. áhættustýringar, regluvörslu og innri endurskoðunar. Stjórn ræður innri endurskoðanda, ritar undir erindisbréf hans og samþykkir árlega endurskoðunaráætlun. Forstjóri ræður regluvörð með samþykki stjórnar og ritar undir erindisbréf hans. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust.

Innra eftirlit bankans byggir á áhættumati og eftirlitsaðgerðum sem draga eiga úr áhættuþáttum í rekstri bankans. Hluti af innra eftirliti er skjalað og formfast verklag sem starfsmenn bankans fylgja í sínum daglegu störfum og er yfirfarið af eftirlitseiningum.

Stjórn hefur sett reglur um áhættustýringu Kviku og áhættustefnu. Tilgangur áhættustefnunnar er að áhættustýring bankans sé markviss og skilvirk sem og að koma á gagnsæi að því er varðar áhættutökur bankans á öllum stjórnunarstigum, allt frá stjórn til rekstrareininga og einstaklinga sem taka beinan þátt í daglegum rekstri og ákvarðanatöku varðandi áhættu.

Fjármálasvið Kviku banka annast gerð ársreiknings sem gerður er samkvæmt alþjóðlegum reikningsstöðlum, IFRS. Ársreikningur er endurskoðaður af Deloitte, sem eru ytri endurskoðendur bankans.

Forstjóri bankans er ábyrgur gagnvart stjórn fyrir því að koma á virku innra eftirliti og áhættustýringu í tengslum við gerð ársreikningsins. Innra eftirlit og áhættustýring í tengslum við ársreikning eru skipulögð með það að markmiði að koma í veg fyrir verulega annmarka á reikningsskilunum.

Stjórn Kviku og eftirlitseingar bankans staðreyna reglulega virkni innra eftirlits og áhættustjórnunar.

Samsetning og starfsemi stjórnar og undirnefnda stjórnna

Í stjórn Kviku eiga sæti fimm stjórnarmenn og eru tveir varamenn í stjórn.

Stjórnarmenn Kviku banka eru með fjölbreyttan bakgrunn og búa yfir víðtækri reynslu og þekkingu. Samkvæmt jafnréttisstefnu bankans og lögum um hlutafélög skal tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og er núverandi stjórn skipuð þremur konum og tveimur körlum. Aðalfundur kýs stjórn og varastjórn til eins árs í senn. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn, en hann ber starfsheitið forstjóri. Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega. Á árinu 2018 voru haldnir 20 stjórnarfundir og var mæting stjórnarmanna á fundina almennt góð.

Stjórnin fer með æðsta vald í málefnum bankans milli hluthafafunda. Megin skyldustörf hennar felast í því að hafa eftirlit með öllum rekstri bankans og sjá um að skipulag og starfsemi hans sé jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna bankans. Stjórn skal setja Kviku áætlanir í samræmi við tilgang bankans samkvæmt samþykktum og marka þá stefnu sem farin skal til að ná fram settum markmiðum. Stjórn ræður forstjóra, setur honum erindisbréf og hefur eftirlit með störfum hans. Þá kemur stjórn fram fyrir hönd bankans fyrir dómstólum og stjórnvöldum og ákveður hverjir hafi umboð til að skuldbinda bankann.

Undirnefndir stjórnar eru þrjár, endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd.

Í endurskoðunarnefnd sitja Kristín Guðmundsdóttir, sem er formaður, Hrönn Sveinsdóttir og Inga Björg Hjaltadóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga bankans og óhæði endurskoðunar bankans. Nefndin hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, virkni innra eftirlits auk innri og ytri endurskoðunar. Nefndin fundaði níu sinnum á síðastliðnu ári.

Í áhættunefnd sitja Kristín Guðmundsdóttir, sem er formaður, Guðmundur Þórðarson og Kristín Pétursdóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans, m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja hans. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni

áhættustýringar, stýringu útlánaáhhættu, markaðsáhhættu, greiðsluhæfisáhhættu, rekstraráhhættu, orðsporsáhhættu og annarri áhhættu eftir því sem tilefni er til. Nefndin fundaði átta sinnum á síðastliðnu ári.

Í starfskjaranefnd sitja Guðjón Reynisson, sem formaður, Inga Björg Hjaltadóttir og Kristín Pétursdóttir. Nefndinni er ætlað að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn bankans í tengslum við starfskjör hjá félaginu og að þau styðji við markmið og hagsmuni þess. Nefndin fundaði fjórum sinnum á síðastliðnu ári.

Allar undirnefndir stjórnar hafa sett sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa þeirra og eru þær staðfestar af stjórn bankans. Vegna eðlis nefndanna mega hvorki forstjóri né aðrir starfsmenn eiga þar sæti. Starfsreglur nefndanna eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku www.kvika.is.

Í framkvæmdastjórn Kviku banka sitja, auk forstjóra, eftirfarandi starfsmenn: Marinó Örn Tryggvason, aðstoðarforstjóri, Magnús Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs, Ásgeir H. Reykþjörð, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs, Bjarni Eyvinds, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Hannes Frímann Hrólfsson, framkvæmdastjóri eignastýringar, Lilja Jensen, yfirlögfræðingur og Baldur Stefánsson, framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Nánari upplýsingar um framkvæmdastjórnina eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku www.kvika.is.

Forstjóri veitir nánari upplýsingar um starfsreglur og starfsemi stjórnar og undirnefnda.

Upplýsingar um stjórnarmenn

Kristín Pétursdóttir er stjórnarformaður Kviku. Hún var kjörin í stjórn bankans í mars 2018. Kristín er fædd árið 1965 og útskrifaðist með Cand Oecon gráður frá Háskóla Íslands 1991 og lauk MBA námi við Handelshöskolen i Bergen árið 1993. Kristín var annar stofnenda Auðar Capital og starfaði sem forstjóri þess fyrirtækis frá 2007 til 2013 og sem stjórnarformaður frá 2013-2017 (síðar Virðing hf.). Hún var forstjóri Mentor hf. 2015-2017, framkvæmdarstjóri fjárfestingar Kaupings Banka frá 1997-2005 og aðstoðarforstjóri Kaupthing Singer & Friedlander frá 2005-2007. Árin 1993-1997 starfaði Kristín hjá Statoil, Íslandsbanka og Skeljungu. Kristín hefur setið í stjórn Ölgerðarinnar, Tals, Yggdrasils, Kaupthing Singer & Friedlander, Viðskiptaráðs, Samtaka atvinnulífsins og Samtaka Fjármálafyrirtækja. Kristín situr í fjárfestingaráðum framstakssjóðanna Auðar I og Eddu sem eru í rekstri hjá Kviku. Kristín er hluthafi í Kviku í gegnum einkahlutafélag sitt, KP Capital ehf., sem á 0,43% í bankanum og ræður yfir 7.900.000 hlutum. Hún hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Guðmundur Þórðarson er varaformaður stjórnar. Hann var kjörinn í stjórn bankans í mars 2017. Guðmundur er fæddur árið 1972. Hann útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1997. Einnig hefur hann lokið prófi í verðbréfamiðlun og eignastýringu í Bretlandi. Guðmundur starfar að aðalstarfi við eigin fjárfestingar. Frá árinu 1997 til 2000 starfaði Guðmundur við eignastýringu hjá Landsbréfum hf. Frá árinu 2000 til 2003 starfaði Guðmundur sem sérfræðingur hjá þróunarsviði og fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hf. Frá árinu 2003 til 2007 starfaði Guðmundur sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs hjá Straumi fjárfestingar banka hf. Guðmundur situr í stjórnnum Heddu eignarhaldsfélags ehf., Bergstaðastræti 27 ehf., K2B fjárfestingum ehf. og BBL II ehf.. Guðmundur á enga beina hlutafjáreign í Kviku banka hf. Þó á maki hans, Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir, 100% hlut í félaginu K2B fjárfestingar ehf., en K2B fjárfestingar og dótturfélag þess Hedda eignarhaldsfélag eiga samtals 8,25% hlut í Kviku og ráða yfir 152.304.455 hlutum. Jafnframt er Svanhildur Nanna stjórnarmaður í Vátryggingafélagi Íslands hf. sem á 8,67% hluta í Kviku og ræður yfir 160.000.000 hlutum.

Inga Björg Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri, ráðgjafi og meðeigandi hjá Attentus mannauður og ráðgjöf ehf. og lögmaður og meðeigandi hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur, var kjörin í stjórn í apríl 2013. Inga Björg er fædd árið 1970. Hún útskrifaðist með Cand jur. gráðu frá Háskóla Íslands árið 1995 og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2003. Hún er einn stofnenda og hefur starfað hjá Attentus mannauði og ráðgjöf frá árinu 2007, hefur starfað sem lögmaður hjá Lögfræðistofu Reykjavíkur frá 2016 og áður

hjá Acta lögmannsstofu 2006-2016, var lögmaður hjá DP lögmönnum á árunum 2003-2006 og gegndi stöðu deildarstjóra hjá Eimskipafélagi Íslands árin 1999-2003. Árin 1996-1999 var Inga Björg deildarlögfræðingur og síðar staðgengill starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar. Hún hefur áður setið í stjórnum Límtrés Vírnets hf., E-Farice ehf. og Smellinns eignarhaldsfélags ehf. Þá situr Inga í endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar, Orkuveitu Reykjavíkur, Strætó BS, Malbikunarstöðvarinnar Höfða, Faxaflóahafna, Sorpu, Félagsbústaða og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Inga er einnig dómari í Félagsdómi og formaður kjaranefndar Reykjavíkurborgar. Inga á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Hrönn Sveinsdóttir var kjörin í stjórn bankans í mars 2017. Hrönn er fædd árið 1967. Hún útskrifaðist með Cand. Oecon próf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði frá Háskóla Íslands árið 1992. Hrönn er starfandi framkvæmdastjóri Fjármála- og rekstrarsviðs hjá Sýn hf. Hrönn hóf störf hjá Sýn hf. árið 2005 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Áður hafði hún gegnt sama starfi hjá P. Samúelssyni þar sem hún var einnig starfsmannastjóri. Hrönn hefur áður gengt stjórnarstörfum hjá Almenna lífeyrissjóðnum, Húsasmiðjunni ehf., Farice, P/F Kall í Færeyjum, ISNIC, Mömmu ehf., Ódýra símafélaginu og P. Samúelssyni hf. Hrönn á enga hluti í Kviku. Hrönn á ekki hluti í bankanum og hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Guðjón Reynisson var kjörinn í stjórn bankans í mars 2018. Guðjón er fæddur árið 1963 og er í dag sjálfstætt starfandi fjárfestir og stjórnarmaður. Á árunum 2008-2017 starfaði hann sem forstjóri Hamleys of London. Á árunum 2003-2008 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra 10-11 verslananna. 1998-2003 var hann framkvæmdastjóri sölusviðs Tals. Guðjón hlaut MBA gráðu frá Háskóla Íslands 2002, lauk rekstrar- og viðskiptanámi frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands 1999 og útskrifaðist með Íþróttakennararéttindi á grunn- og framhaldsskólastigi frá Íþróttakennaraskóla Íslands 1986. Guðjón hefur setið í stjórn Festis hf. frá 2014 og Securitas hf. frá 2018. Hann á 0,56% í bankanum og ræður yfir 10.410.789 hlutum í gegnum einkahlutafélag sitt Hakk ehf., en hefur ekki hagsmunatengsl við helstu viðskiptavinum, samkeppnisaðila eða stóra hluthafa í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Það er mat stjórnar að Kristín, Guðjón, Inga og Hrönn séu óháðir stjórnarmenn í skilningi leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja.

Varamenn í stjórn Kviku eru Kristín Guðmundsdóttir og Pétur Guðmundarson. Að mati stjórnar eru báðir varamenn óháðir bankanum.

Helstu þættir í árangursmati stjórnar

Árangursmat stjórnar Kviku fer fram árlega. Mat er lagt á hvernig til tókst með verkefni og störf stjórnar á liðnu ári. Litið er til stefnumótunar, upplýsingagjafar og framtíðarsýnar, samsetningar og stærðar stjórnar, frammistöðu stjórnarmanna, starfa undirnefnda og frammistöðu forstjóra. Þá er þróun bankans yfirfarin og mat lagt á hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í kjölfar árlegs árangursmats skilgreinir stjórn verkefni á þeim sviðum sem úrbóta er þörf.

Upplýsingar um forstjóra Kviku og lýsing á helstu skyldum hans

Forstjóri Kviku frá 15. júní 2017 er Ármann Þorvaldsson. Ármann er fæddur árið 1968 og hefur starfað á fjármálamarkaði í rúm tuttugu ár. Á árunum 1997 til 2005 var hann framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar Kaupþings og frá 2005 til 2008 framkvæmdastjóri Kaupþings Singer & Friedlander í Bretlandi. Síðar starfaði hann sem framkvæmdastjóri hjá fasteignalánafélaginu Ortus Secured Finance í London þar til hann gekk til liðs við Virðingu árið 2015. Hann starfaði hjá Virðingu þar til hann var ráðinn forstjóri Kviku, síðast sem framkvæmdastjóri fyrirtækjaráðgjafar. Ármann útskrifaðist með MBA gráðu frá Boston University árið 1994 og er með BA gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands.

Forstjóri skal annast daglegan rekstur Kviku og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn bankans hefur gefið. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald bankans sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna bankans sé með tryggilegum hætti. Forstjóri ræður og segir upp starfsmönnum bankans. Honum er enn fremur skylt að hlíta öllum fyrirmælum stjórnar. Forstjóra ber að veita endurskoðendum bankans allar þær upplýsingar sem þeir kunna að óska eftir.


Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Kvika hefur ekki sætt afturköllun, ógildingu eða uppsögn skráningar, heimildar eða leyfis til þess að stunda tiltekin viðskipti, starfsemi eða starf.

Fyrirkomulag samskipta hluthafa og stjórnar

Upplýsingagjöf til hluthafa fer fram á jafnræðisgrundvelli og takmarkast að jafnaði við hluthafafundi eða miðlun samræmdra skilaboða til allra hluthafa á sama tíma. Fréttir af starfsemi bankans eru birtar á heimasíðu hans auk þess sem fréttatilkynningar eru sendar út við markverða atburði í rekstri bankans. Á aðalfundi bankans er jafnframt haldin ýtarleg kynning á starfsemi bankans undanfarið ár auk þess sem upplýsingar um rekstur bankans eru birtar í ársreikningum lögum samkvæmt.


Stjórnarháttayfirlýsing þessi var yfirfarin og samþykkt á fundi stjórnar bankans þann 28. febrúar 2019.




Kristín Pétursdóttir



Guðmundur Þórðarson



Guðjón Reynisson



Inga Björg Hjaltadóttir



Hrönn Sveinsdóttir

STATEMENT ON THE CORPORATE GOVERNANCE OF KVIKA BANKI HF.

Kvika's business strategy

Kvika Bank hf. (hereinafter referred as “Kvika” or “the bank”) is a specialized bank focusing on asset management and investment banking.

In autumn 2018, all of the employees of Kvika participated in the extensive policy-making of the bank and decided, among other things, to uphold long-term thinking as the guiding principle of the bank. This entails Kvika's business strategy being geared towards developing solid business relationships and long-term results.

The bank strives to develop and maintain a powerful infrastructure that can be used to generate income. The return on equity is determined by the decisions that are made in accordance with the risk appetite, which reflects the profitability targets, since an emphasis is placed on utilising the equity as efficiently as possible with regard to risk. Decisions regarding the composition of the balance sheet take into account the best utilisation of equity to generate income, but are restricted by risk appetite and funding at any given time.

An emphasis is placed on Kvika's activities being profitable and the objective of the bank is to achieve a return on equity of at least 15%.

Kvika's objective is for dividend payments to amount to a minimum of 25% of profits. However, dividend payments are subject to assessments of the opportunities offered by reinvesting profits in the bank's operations and growth.

Kvika's policy is to have a positive long-term impact on the community, with a particular emphasis on education. For that reason, the bank has, among other things, set up two incentive funds for vocational training students and teachers. Kvika can have a great deal of influence on the community, particularly in the areas in which it operates, and a special emphasis is therefore also placed on having a positive impact on the development and functionality of the financial market.

Compliance with Corporate Governance Guidelines

Kvika banki hf. (hereinafter “Kvika” or the “bank”) is obliged to implement recognized guidelines on Corporate Governance under Article 54 of the Act on Financial Undertakings no. 161/2002. Kvika complies with the Guidelines on Corporate Governance, 5th edition, published in May 2015 by the Chamber of Commerce, Nasdaq OMX Iceland and the Confederation of Icelandic Employees (the „Guidelines”) in most respects. The Guidelines are available on the website of the Chamber of Commerce www.vi.is. Kvika has not appointed a nomination committee. This is the Bank's only deviation from the Guidelines. Kvika has not appointed a nomination committee. This is the Bank's only deviation from the Guidelines. At the next annual general meeting the Board of Directors will make a proposal to task the newly elected Board of Directors to assess the benefits and disadvantages of appointing a nomination committee.

Applicable laws and provisions

Kvika is a financial institution which operates in accordance with the Financial Undertakings Act No. 161/2002. Acts of law which also apply to the Bank's operations include e.g. the Securities Transactions Act No. 108/2007 and Public Limited Companies Act No. 2/1995. Kvika is licensed and regulated by the Financial Supervisory Authority (hereinafter “FME”). The regulatory framework for corporate governance practices within Kvika consists of the law applicable to entities subject to the supervision

of FME as well as other applicable law and regulations, including those imposed by FME or the Central Bank of Iceland. For more information on FME and summary of major laws and regulations governing the operations of the bank at any given time can be found on FME's website www.fme.is.

Internal control, risk management and accounting

Kvika's risk policy and risk appetite are regularly reviewed and approved by the Board. The Board is also responsible for ensuring that an active system of internal controls is in place. The Board defines the risk factors that the bank has to address, including their nature and extent. Furthermore, the Board also defines remedial actions to the risk in question. The implementation and execution of the internal controls rests with the bank's managing directors along with control units, i.e. Risk management, Compliance and Internal Auditor. The Board hires an internal auditor. The Board further agrees to an audit plan for each year. The CEO hires a compliance officer, with the approval of the Board. The reports and findings of the internal auditor and of the compliance officer are presented directly to the Board.

The bank's internal controls are built on risk assessment and control measures, which are intended to minimize the risk that exceeds the approved risk appetite of the bank. A part of internal controls entails formal working procedures, which the control units verify compliance to.

The Board has implemented a risk policy for the bank, for a focused and effective risk management and in order to enhance transparency in the bank's risk taking at management level, from the Board to the operational units and individuals that directly participate in the daily operations and decisions involving any risk taking.

The Bank's Finance and accounting division is responsible for preparing the Bank's annual account in accordance with the International Financial Reporting Standards (IFRS). The account is audited by the bank's external auditors, Deloitte.

The CEO reports directly to the Board when verifying the effectiveness of internal control and risk management regarding the annual account. Internal audit and risk management are meant to prevent any deficiencies in the accounting process.

The Board of Kvika regularly verifies the effectiveness of internal controls and risk management in the bank.

On the Board and its sub-committees

Each year, the Annual General Meeting of Kvika elects five board members and two alternate board members. In accordance with the Bank's Equality Policy, when electing the Board, care is taken to ensure at least 40% representation of each gender among board members and alternates. Currently the Board consists of three women and two men.

The Board has a diverse background and extensive skills, experience and expertise. The CEO is appointed by the Board. Board meetings are held on a monthly basis. In 2018 the Board held 20 meetings with good attendance from the board members.

The Board manages the bank between shareholder meetings in accordance with applicable laws, regulations and articles of association. The Board tends to those operations of the Bank which are not considered part of the daily business. Its main duties are to supervise the operations of the bank and ensure that they are at all times in good order. The Board shall also ensure that the bank's financial matters, including the financial reporting practices are diligently supervised. The Board shall make operational plans according to the bank's purpose as set out in the Articles of Association and form a policy to achieve set goals. The Board hires the CEO of the bank and supervises his work.

The Board has appointed three qualified individuals to each sub-committee of the Board.

Members of the Board Audit Committee are Kristín Guðmundsdóttir, as chairman, Hrönn Sveinsdóttir and Inga Björg Hjaltadóttir. Its main task is to try and guarantee the quality of the financial statement and other financial information from the bank and the independence of its auditors. The committee met nine times in 2018.

Members of the Board Risk Committee are Kristín Guðmundsdóttir, as chairman, Guðmundur Þórðarson and Kristín Pétursdóttir. The Committee's main role is to evaluate the Bank's risk policy and risk appetite and to have a thorough knowledge of the risk assessments and methods used to manage risk employed by the Bank and advise the Board on these issues. The committee met eight times in 2018.

Members of the Board Remuneration Committee are Guðjón Reynisson, as chairman, Inga Björg Hjaltadóttir and Kristín Pétursdóttir. The Committee's main task is to advise the Board on all remuneration issues of the bank. The committee met four times in 2018.

All sub-committees have incorporated procedural rules that are confirmed by the Board. Due to the nature of the Committee's work neither the CEO nor other employees are eligible for membership in the Committee. The procedural rules can be found on Kvika's website www.kvika.is.

The Bank's Executive Committee consists of seven people, including the CEO, Ármann Þorvaldsson; Marinó Örn Tryggvason, Deputy CEO, Magnús Ingi Einarsson, Managing Director of Finance and Operations, Bjarni Eyvinds, Managing Director of Capital Markets, Ásgeir H. Reyk fjörð Gylfason, Managing Director of Corporate Banking, Hannes Frímánn Hrólfsson, Managing Director of Asset Management, Lilja Jensen, General Counsel and Baldur Stefánsson, Managing Director of Corporate Finance.

The CEO provides further information on rules of procedure of the board and sub-committees.

Members of the Board

Kristín Pétursdóttir serves as Chairman of the Board. She was elected to the Board in March 2018. She was born in 1965 and graduated with a Cand. Oecon degree from the University of Iceland in 1991 and an MBA degree from Handelshöyskolen in Bergen in 1993. She was one of the founders of Auður Capital and was also the CEO from 2007 to 2013 and served as Chairman of the Board from 2013 to 2017 (Auður Capital and Virðing hf. merged in 2014). She was the CEO of Mentor hf. from 2015 to 2017, worked as Managing Director of Treasury in Kaupthing from 1997 to 2005 and Deputy CEO of Kaupthing Singer & Friedlander from 2005 to 2007. From 1993-1997 she worked for Statoil, Íslandsbanki and Skeljungur. She has previously been a Board member of Ölgerðin, Tal, Yggdrasill, Kaupthing Singer & Friedlander, Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins and Samtök fjármálafyrirtækja. She is currently a member of the Investment Committee of Auður I and Edda, which are alternative investment funds managed by Kvika. Her company, KP Capital ehf., owns an insignificant amount of shares in Kvika. She is an independent Board member.

Guðmundur Þórðarson was elected to the Board in March 2017. He graduated from the University of Iceland with a business degree, cand. oecon., in 1997. Guðmundur has focused on managing his own investments since 2007, having previously worked in the financial sector from 1997. From 1997 to 2000 he worked in Asset Management at Landsbréf hf. From 2000 to 2003 he worked in Corporate Finance at Íslandsbanki hf. From 2003 to 2007 he worked as Managing Director of Corporate Finance at Straumur fjárfestingarbanki hf. Guðmundur also sits on the boards of Hedda eignarhaldsfélag ehf., Bergstaðastræti 27 ehf., K2B fjárfestingar ehf. and BBL II ehf. Guðmundur owns no shares in Kvika but his wife owns a 100% share in K2B fjárfestingar ehf. K2B fjárfestingar ehf. and its subsidiary, Hedda eignarhaldsfélag ehf. together own 8,25% of shares in the bank. Furthermore, his wife serves as the Chairman of the Board of Vátryggingafélag Íslands hf. which owns 8,67% of shares in the bank.

Inga Björg Hjaltadóttir was elected to the Board in April 2013. She graduated from the University of Iceland in 1995 with a law degree, and is licensed to plead cases before the District Courts of Iceland. Inga is one of the founders of Attentus Human Resources and has worked there since 2007, while also working as an attorney at Acta Law Firm between 2006 and 2016 and at Reykjavik Law Firm from 2016. From 2003 to 2006, she was an attorney at DP Lögmenn, and served as a Department Manager at Eimskipafélag Íslands hf. from 1999 to 2003. From 1996 to 1999 she was a lawyer and later Deputy Head of Human Resources for the City of Reykjavik. Inga has previously served on the boards of Límtré Vírnet hf., E-Farice ehf. and eignarhaldsfélagið Smellinn hf. She also serves as a judge on the Labour Court, appointed by the Minister of Finance, and heads the Remuneration Committee of the City of Reykjavík. Inga does not own shares in Kvika and is an independent Board member.

Hrönn Sveinsdóttir was elected to the Board in March 2017. She graduated from the University of Iceland with a business degree, cand. oecon., in 1992. Hrönn joined Vodafone Iceland (Fjarskipti hf.) in 2005 and serves as Managing Director of Finance and Operations. Before joining Vodafone, Hrönn worked for Toyota Iceland (P. Samúelsson 28 hf.) from 1992, starting as Head of Finance and Accounting before taking on the role of Managing Director of Finance and Human Resources in 1999. Hrönn has served on the boards of various firms such as Almenni lífeyrissjóðurinn, Húsasmiðjan hf., Farice ehf. and P/F Kall in the Faroe Islands. Hrönn does not own shares in Kvika and is an independent Board member.

Guðjón Reynisson was elected to the Board in March 2018. He was born in 1963 and works as an independent Investor and Board member. He was the CEO of Hamleys of London from 2008 to 2017. From 2003 to 2007 he was the Managing Director of the 10-11 stores in Iceland. From 1998 to 2003 he was the Managing Director of the Sales Division of Tal, an Icelandic phone company. He graduated with an MBA degree from the University of Iceland in 2002. He graduated with an Operations and Business degree from the Continuing Education Study of the University of Iceland in 1999 and also graduated with a degree as a licensed physical education teacher from the University of Iceland in 1986. He has been on the board of Festi hf. from 2014. He owns an insignificant amount of shares in Kvika. He is an independent Board member.

Alternate Board members are Kristín Guðmundsdóttir and Pétur Guðmundarson. Both are considered independent from Kvika.

Annual Performance Assessment

The board must annually evaluate its work and performance for the previous year. The focus of the assessment is on policy making, disclosure and future vision, the size and composition of the Board, performance of Board members, the work of sub-committees and performance of the CEO. The development of the bank and adherence to Board policies is reviewed and assessed. Following the annual performance assessment, the Board defines tasks in areas where improvement is called for.

Chief Executive Officer

Ármann Þorvaldsson was appointed CEO of Kvika in June 2017. He was born in 1968 and has worked in the financial sector for over twenty years. From 1997 until 2005 he was Head of Corporate Finance at Kaupthing and from 2005 until 2008 he was CEO of Kaupthing Singer & Friedlander in London. Later he worked at Ortus Secured Finance in London until 2015 when he joined Virðing hf. He headed up Virðing's Corporate Finance division before joining Kvika. He has an MBA degree from Boston University and a BA degree in history from the University of Iceland.

The CEO is in charge of the daily operations of the bank and shall in this respect observe the policy and directions of the Board. Daily operations do not include measures which are unusual or extraordinary. The CEO shall provide the Board with reports on the bank's operations and financial position and all

important issues which may affect the bank's operations and finances. The CEO shall adhere to the instructions of the Board and provide the bank's external auditors with all requested information.

Information on violations of laws and regulations

Kvika has not been denied registration, authorization, membership or permission to conduct certain business, activity or operations. The Bank has not been subject to withdrawal, revocation or dismissal of registration, authorization, membership or permission. Information on legal cases relating to Arion Bank can be found in the notes to the annual financial statement.

Communications between the shareholders and the Board

Information is provided to shareholders on equality basis and is mainly limited to shareholders' meetings or delivery of uniform information to all shareholders simultaneously. News from the bank's operations are routinely published on the bank's website and press releases are sent out as necessary when newsworthy events take place. Inside information is published simultaneously to all market participants in accordance with Icelandic law through GlobeNewswire. A thorough presentation of the bank's operations takes place at the Annual General Meeting of the bank and information on all aspects of the bank operations are published in the bank annual accounts and financial statements.

This statement on the corporate governance practices of Kvika banki hf. was reviewed and agreed upon by the Board on 28 February 2019.